



Háskólinn á Hólum
Ársskýrsla 2019



Efnisyfirlit

Aðfaraorð	2
Stjórn og stoðþjónusta	3
Framkvæmda- og háskólaráð	3
Fjöldi starfsmanna	4
Stoðþjónusta	4
Fjármála- og þjónustusvið	4
Tölvu- og tæknimál	4
Bókasafn	5
Kynningarmál	5
Deildir	6
Ferðamáladeild	6
Nám og kennsla	6
Mannauður og stjórnun	7
Rannsóknir	7
Þjónusta og samstarf	8
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	13
Innra starf deildar	13
Nám og kennsla	15
Rannsóknir	16
Þjónusta og samstarf	17
Hestafræðideild	19
Almennt starf	19
Nám og kennsla	19
Rannsóknir	21
Önnur verkefni	22
Kennslu- og framhaldsnámssvið	23
Rannsóknasvið	26
Starfsemi	26
Rannsóknavirkni	27
Viðauki I. Birtingar	28
Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum	36

Aðfaraorð

Háskólinn á Hólum býður upp á nám á fræðasviðum sem eru nátengd nýtingu auðlinda og nýsköpun atvinnugreina. Sérhæfing náms við háskólann er á fræðasviðum ferðamála í dreifbýli, viðburða-stjórnunar, stjórnunar ferðaþjónustu og móttöku gesta, fiskeldis-, sjávar- og vatnalíffræði og hestafræða, með áherslu á reiðmennsku og reiðkennslu. Fyrirkomulag námsins er ýmist staðbundið þar sem nemendur búa heima á Hólum, eða í næsta nágrenni skólans, eða blandað nám (fjarnám með staðbundnum lotum), óháð búsetu.

Starf háskólans var öflugt á árinu. Auk hefðbundins skólastarfs setti undurbúningur fyrir úttekt gæðaráðs íslenskra háskóla á gæðum náms og námsumhverfis mark sitt á starfið. Nemendur og starfsmenn háskólans rýndu starfsemi skólans og þróun hans og lögðu fram sjálfsmatsskýrslu til úttektarnefndar í september. Það var stoltur og ánægður hópur einstaklinga sem afhenti skýrsluna auk 82 viðauka, til ritara gæðaráðs háskóla. Sjálfsmatsskýrslan lagði grunn að árangursríkri heimsókn úttektarnefndar í nóvember. Úttekt óháðra erlendra fagaðila á háskólastarfi er dýrmæt fyrir þróun háskólasamfélagsins og stöðu þess í alþjóðlegu samhengi. Öflugir íslenskir háskólar leggja grunn að gagnrýnni hugsun og eru drifkraftur rannsókna og nýsköpunar.

Árangur skólans hvað varðar styrki frá Rannsóknasjóði var góð á árinu og hlaut skólinn m.a. styrk til öndvegisverkefnis. Starfsmenn háskólans fóru víða til að miðla þekkingu sinni og rannsóknum, m.a. til Ástralíu, Nígeríu, Noregs og Kanada. Líkt og endranær sóttu fjölmargir samstarfsaðilar og hópar fræðimanna háskólann heim. Var einkar ánægjulegt að taka á móti ráðgjafanefnd gæðaráðs háskóla, stjórn Rannsóknamiðstöðvar Ferðamála og starfsmönnum hennar, Samstarfsnefnd opinberu háskólanna sem og embættis og ráðamönnum, auk fjölmargra annarra. Á sama hátt tók starfsfólk háskólans þátt í atvinnuþróunardögum í héraði, Vísindavöku í Reykjavík, ráðstefnunni Strandbúnaður, Arctic Circle, fagraðstefnum og fundum erlendis, svo stiklað sé á stóru.

Háskólinn á Hólum er stoltur þátttakandi í fræðastarfi íslenskra háskóla og leggur sig fram um að auka auð íslensk samfélags með kennslu og rannsóknum á fræðasviðum sem öll tengjast náttúru Íslands og menningu til sjávar og sveita.

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor

Stjórn og stoðþjónusta

Framkvæmda- og háskólaráð

Stjórn Háskólans á Hólum er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Rektor Háskólans á Hólum er Erla Björk Örnólfsdóttir. Rektor er formaður háskólaráðs. Nýtt háskólaráð var skipað á árinu og auk rektors sátu, Laufey Kristín Skúladóttir (Stefán Vagn Stefánsson varamaður), tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra, Ingibjörg Sigurðardóttir og Stefán Óli Steingrímsson (Sveinn Ragnarsson og Anton Páll Níelsson, varamenn) fulltrúar starfsmanna Háskólans á Hólum, Gunnlaugur Bjarnason (Kathrine Vittrup Andersen, varamaður) fulltrúi nemenda og Jón Eðvald Friðriksson og Sveinn Margeirsson (Sjöfn Guðmundsdóttir, varamaður), valdir til setu af fyrrgreindu fimm manna háskólaráði, samanber lög um opinbera háskóla.

Framkvæmdaráð háskólans sinnir daglegum rekstri og samræmir starf sviða og deilda. Í því sátu Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Bjarni Kristófer Kristjánsson deildarstjóri Fiskeldis- og fiskalífræðideildar, Guðmundur Björn Eypórsson fjármála- og skrifstofustjóri, Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri Ferðamáladeildar og Sveinn Ragnarsson deildarstjóri Hestafræðideildar.



Frá fundi Samstarfsnefndar opinberu háskólanna að Hólum í júní

Fjöldi starfsmanna

Árið 2019 unnu 59 starfsmenn við Háskólann á Hólum, í 45,8 stöðugildum. Þessi mikli munur milli fjölda starfsmanna við skólann og stöðugilda skýrist að hluta til af starfsmannaveltu og vinnu sumarstarfsmanna og framhaldsnema. Yfir sumarið kom fólk til starfa við ýmsar rannsóknir innan deildanna, við staðarhald og á skólabúinu. Fastir starfsmenn við skólann voru 49, í 42,5 stöðugildum.

Á árinu hófu störf við skólann: Anna Guðrún Edvardsdóttir, Elizabeth A. Mittel, Kasha Strickland, Sigríður Sigurðardóttir, Stephen Alexander Price, Unnur G. Haraldsdóttir og Sina Scholz. Á árinu létu af störfum, þau Þórunn Reykdal, María Gréta Ólafsdóttir, Guðmundur Kristinn Guðmundsson og Sigurlaug Stefánsdóttir. Sigurlaug starfaði við stofnunina í hátt í fimm áratugi. Eru þeim þökkuð vel unnin störf í þágu skólans.

Stoðþjónusta

Fjármála- og þjónustusvið

Hlutverk fjármálasviðs er að annast fjárreiður skólans í umboði rektors. Skrifstofu- og fjármálastjóri er yfirmaður fjármálasviðs og hefur hann yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar sem er unnin í samvinnu við framkvæmdaráð skólans. Á fjármálasviði er bókhald skólans unnið og eftirlit haft með því að rekstur sé í samræmi við gildandi heimildir. Launavinnsla fer einnig fram á fjármálasviði.

Skrifstofu- og fjármálastjóri er yfirmaður þjónustusviðs. Þjónustusvið hefur umsjón þjónustu við starfsmenn, nemendur og gesti skólans, ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum. Undir þjónustusviðið heyrir tölvuþjónusta, staðarumsjón, þjónustuborð og bókasafn. Starfsmenn sviðsins voru 10 á árinu, í 7,35 stöðugildum.

Tölvu- og tæknimál


Samstarf Háskólans á Hólum við aðra háskóla í tölvu- og tæknimálum hefur verið farsælt og um árábil hefur skólinn verið hluti af RHneti (www.rhnet.is). Skólinn hefur notið góðs af samstarfi opinberu háskólanna, en í því felst meðal annars sameiginlegur rekstur á innri vef (ugla.holar.is) og nemendabókhaldskerfi, sem og kennslukerfinu Moodle. Bæði kerfin voru sett upp í samstarfi við Reiknistofnun Háskóla Íslands (nú Upplýsingatæknisviði HÍ) og eru hýst þar. Einnig hafa starfsmenn og nemendur nýtt sér Skemmuna (www.skemman.is), en það er sameiginlegur vefur er hýsir lokaritgerðir allra nemenda við háskóla landsins auk fræðilegra greina starfsmanna. Eins og mörg undanfarin ár hefur skólinn notað póst- og vefþjónustur hjá Google með góðum árangri. Notkun fjarfundabúnaðar (Polycom HDX-7000) og zoom, til þátttöku á fundum og til kennslu var almenn á árinu.

Bókasafn

Á árinu var samstarfi við Bókasafn Háskólans á Akureyri (HA) um skráningu og þjónustu við lánþega haldið áfram. Þetta samstarf hófst 2010 og voru starfsmenn safnsins með viðveru á Hólum í tengslum við staðbundnar lotur. Einnig veitti starfsfólk nemendum og kennurum þjónustu með námskeiðum á Hólum, í gegnum tölvupóst og síma.

Kynningarmál

Háskólinn á Hólum tók að vanda virkan þátt í Háskóladeginum, sem fram fór í Reykjavík og sjö bæjarfélögum vítt og breitt um landið. Eins og áður, tóku nemendur Háskólans á Hólum virkan þátt í kynningarstarfi skólans. Jafnframt var öflugt kynningarstarf í héraðsblöðum, á netmiðlum og heimasíðu skólans. Í lok árs 2018 voru útbúin kynningarmyndbönd fyrir háskólann og deildir hans, þar sem starfsmenn og nemendur voru teknir tali. Efnið var nýtt í kynningarstarfi á árinu 2019.



Frá ráðstefnu háskólans um áhrif mennta- og menningarsetra í dreifbýli

Deildir

Háskólinn á Hólum býður nám í þremur deildum: Ferðamáladeild, Fiskeldis- og fiskalíffræðideild og Hestafræðideild.

Ferðamáladeild

Nám og kennsla

Árið 2019 bauð ferðamáladeild nám á fimm námsleiðum: Diplóma í ferðamálafræði (FDP), diplóma í viðburðastjórnun (FDV), BA í ferðamálafræði (FBA), BA í stjórnun ferðapjónustu og móttöku gesta (FSG) og MA í ferðamálafræði (FMA).

Útskrifaðir voru alls 24 nemendur við tvær athafnir, í júní og október. Í júní útskrifuðust 20 nemendur frá deildinni: 15 með diplómu í viðburðastjórnun, fjórir með BA gráðu í ferðamálafræði og einn með MA gráðu í ferðamálafræði. Í október útskrifuðust fjórir nemendur frá deildinni: Einn með diplómu í viðburðastjórnun og þrír með diplómagráðu í ferðamálafræði.

Innritaðir nýnemar haustið 2019 voru 53: Sjö í diplóma í ferðamálafræði, 28 í diplóma í viðburðarstjórnun, 16 í BA nám í ferðamálafræði og tveir í meistaranám í ferðamálafræði. Ákveðið var að taka ekki inn nýnema í BA nám í stjórnun ferðapjónustu og móttöku gesta, þar sem fjöldi umsókna náði ekki lágmarkstölu. Yfirlit yfir fjölda nemenda eftir námsleiðum má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Nemendafjöldi við Ferðamáladeild 15. október 2019.

Námsleið	Alls innritaðir	Þar af nýnemar	Brautskráðir á árinu
Diplóma í viðburðarstjórnun	30	23	16
Diplóma í ferðamálafræði	11	7	3
BA í ferðamálafræði	34	9	4
BA í stjórnun ferðapjónustu og móttöku gesta	15	0	0
Meistaránám í ferðamálafræði	4	2	1
Samtals	94	41	24

Þar sem fjöldi nemenda í námsleiðinni Stjórnun ferðapjónustu og móttaka gesta stóðst ekki væntingar, var ákveðið að fella niður eitt námskeið (Saga ferðapjónustu) á þeirri braut og kenna í stað þess „Nýsköpun og vöruþróun“ í báðum BA námsleiðum. Auk þess voru Málstofur beggja BA-námsleiða kenndar saman.

Mannauður og stjórnun

Við deildina starfa tveir prófessorar, annar í 20% stöðu (viðkomandi gegnir einnig 100% stöðu við University of South-Eastern Norway) og hinn í 100% stöðu. Þrír lektorar gegna 100% starfi og einn lektor gegnir 80% stöðu. Lektorar í fullu starfi eru því einum færri en árið 2018. Við deildina starfa tveir starfsmenn í 50% akademískri stöðu, en Sigríður Sigurðardóttir, fyrrum safnstjóri á Byggðasafni Skagfirðinga hóf störf við deildina 1. janúar 2019.

Í febrúar 2019 var auglýst staða lektors við deildina. Alls barst 21 umsókn og reyndust 15 umsækjendur uppfylla kröfur dómnefndar um hæfi akademískra starfsmanna skv. lögum um opinbera háskóla nr 85/2008. Í stöðuna var ráðin Dr. Guðný Zoëga fornleifa- og mannabeinafræðingur sem hefur störf 1. janúar 2020.

Níu sérfræðingar voru ráðnir til stundakennslu við deildina, allir sem verktakar í einstökum námskeiðum. Ástæðan fyrir fjölgun stundakennara frá fyrra ári er fyrst og fremst ný námsleið (FSG) við deildina, en einnig brotthvarf lektors í 100% stöðu um mitt ár. Fjórir starfsmenn annarra deilda háskólans komu að kennslu við Ferðamáladeild á árinu 2018 og þrír starfsmenn Ferðamáladeildar komu að kennslu í öðrum deildum skólans. Tveir fastráðnir kennarar og einn sem ráðinn er tímabundið við deildina, búa í Skagafirði, einn býr á Hvammstanga, tveir í Reykjavík, tveir á Suðurlandi og einn erlendis.

Dr. Rosemary Black, frá Charles Sturt University (CSU) í Port Macquarie á austurströnd Ástralíu dvaldi á Hólum í boði Ferðamáladeildar, í tvo mánuði haustið 2019. Hún tók þátt í kennslu og rannsóknum innan Ferðamáladeildar, ásamt því að nýta tímann í greinaskrif. Sérvið Rosemary á sviði kennslu og rannsókna eru sjálfbær ferðaþjónusta, leiðsögn, umhverfistúlkun og samfélagslegir þættir tengdir stjórnun náttúruauðlinda.

Rannsóknir

Lokið var við gerð rannsóknarstefnu ferðamáladeildar og viðauka við hana. Árið 2019 birtu starfsmenn deildarinnar þrjár greinar í alþjóðlegum tímaritum, auk þess sem birtar voru fimm rannsóknarskýrslur. Starfsfólk deildarinnar flutti tuttugu og einn fyrirlestur á alþjóðlegum vísindaráðstefnum innanlands og utan, sem og átta opinbera boðsfyrirlestra á innlendum málþingum og fundum faghópa.

Starfsfólk deildarinnar vann að ýmsum rannsóknarverkefnum í samstarfi við aðra líkt og tíundað er hér á eftir. Einnig var m.a. unnin greining á hestamennsku og hestaferðaþjónustu fyrir verkefnið Horses of Iceland sem heyrir undir Íslandsstofu.

Þjónusta og samstarf

Deildarstjórastöðu 2019 gegndi Laufey Haraldsdóttir lektor. Fulltrúi deildar í framhaldsnámsnefnd var Ingibjörg Sigurðardóttir lektor. Fulltrúi deildar í kennslunefnd var Anna Vilborg Einarsdóttir lektor. Fulltrúi deildar í rannsóknarnefnd var Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri. Fulltrúar deildar í námsnefnd voru Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri og Þórir Erlingsson aðjúnt, ásamt tveimur nemendafulltrúum. Laufey Haraldsdóttir og Þórir Erlingsson sátu í stjórn Ferðaþjónustunnar á Hólum. Anna Vilborg Einarsdóttir skipulagði fyrirlestraröðina Vísindi og graut skólaárið 2018-2019 og Jessica F. Aquino tók við haustið 2019.

Í ritnefnd gæðaskýrslu vegna ytri gæðaúttektar (Institute Wide Review) Háskólans á Hólum á vegum Gæðaráðs íslenskra háskóla sátu Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Laufey Haraldsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir. Guðrún Helgadóttir sat jafnframt í ritstjórn alþjóðlega fagtímaritsins Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism.

Fulltrúar nemenda á fundum deildarinnar voru Bergrós Guðbjartsdóttir, FSG 2. ár og Rebekka Hrafninn Nielsdóttir, FDV. Fulltrúar nemenda í námsnefnd voru Magnea Elínardóttir, FSG, 1. ár og Sigríður Rósa Bjarnadóttir, FDV.

Deildarfundir voru 6 á árinu og vinnufundir kennara voru 5, auk jólafundar í desember þar sem farin var ferð fram í Skagafjörð. Torfhúsið á Stóru-Ökrum var skoðað undir styrki leiðsögn Sigríðar Sigurðardóttur aðjúnkt. Einnig var Kakalaskáli heimsóttur og sýningin skoðuð. Hádegisverður var snæddur á Hótel Varmahlíð.

Á kennarafundi í febrúar var unnið að undirbúningi fyrir stefnu ferðamáladeildar sem taka á við af núverandi stefnu deildarinnar 2015-2019. Allir fastráðnir kennarar tóku þátt í þessari vinnu. Góð grunnvinna fór fram, en vegna vinnu við innra mat háskólans á haustmisseri 2019 og úttektar gæðaráðs háskólanna á árinu, var frekari vinnu að stefnu deildarinnar frestað og ákveðið að vinna hana samhliða innri úttekt á deildinni sem áætluð er árið 2021/22.

Unnið var að ýmsum verklagsreglum fyrir deildina á árinu, sem allir fastráðnir kennarar komu að. Markmiðið var að samræma betur verklag og þar með gæði kennslu og náms. Þær verklagsreglur sem lokið var við og samþykktar á deildarfundum eru „Verklagsreglur um námsmat og endurgjöf“ og „Verklagsreglur um tímasetningar í kennslu“. Unnið er að fleiri verklagsreglum sem tengjast gæðamálum deildarinnar.

Ferðamáladeild gerði samning við Markaðstofu Norðurlands, snemma á árinu, í samstarfi við Rannsóknarmiðstöð ferðamála. Um var að ræða vinnu að verkefni þar sem markaðssetning og ímynd Norðurlands (eystra og vestra) var tekið fyrir. Laufey Haraldsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir tóku þátt í verkefninu f.h. FHH. Verkefnið var styrkt af Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og SSNV.

Samtal hófst við þrjá norræna háskóla um sameiginlegt Norrænt meistaranám í útivistarfræði/*Nordic Master in outdoor studies/Friluftsliv*. Laufey Haraldsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir sátu í undirbúningsnefnd fyrir hönd deildar. Samstarfsháskólar Háskólans á Hólum eru University of Southeast Norway í Bø og Norwegian School of Sports Science í Osló, ásamt Swedish School of Sport and Health Science í Stokkhólmi. Um er að ræða alþjóðlegt nám sem mun fara fram í Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Því lýkur með 30 ECTS meistararitgerð. Áætlað að fyrstu nemendur hefji nám haustið 2020. Byrjað verður í Svíþjóð, þá í Noregi og haustönn 2021 mun fara fram á Íslandi.



Undirbúningur undir samorrænt meistaranám

Deildin tók þátt í samstarfi við Svæðisgarðinn Snæfellsnes. Samstarfið felur m.a. í sér gerð umhverfisstefnu fyrir Gestastofu Snæfellsness sem verið er að útbúa í félagsheimilinu Breiðabliki, hönnun á strandleið um Snæfellsnes, þátttöku og kennslu á námssmiðjum fyrir ferðapjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi um útfærslu og hönnun á upplifun í náttúru Snæfellsness í sátt við samfélagið. Kjartan Bollason lektor tekur þátt í þessu verkefni.

Erindi barst deildinni um það að taka þátt í alþjóðlegu sumarnámskeiði tengt Svartárkoti í Bárðardal, með aðsetur að Kiðagili, sem er aðsetur fyrir fræðimenn. Viðar Hreinsson sagnfræðingur og Ragnhildur Sigurðardóttir vistfræðingur standa fyrir námskeiðinu sem er alþjóðlegt og byggir fyrst og fremst á nemendum erlendis frá. Laufey Haraldsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir eru fulltrúar deildarinnar í þeirri umræðu.

Erindi barst frá Símenntun við Háskólann á Akureyri í október 2019, þar sem óskað var eftir samtali um leiðsögunám á háskólastigi. Laufey Haraldsdóttir og Anna Vilborg Einarsdóttir eru fulltrúar deildarinnar um hugsanlega samstarfsfleti.

Samstarfssamningur um rannsóknir á torfhúsum var undirritaður á árinu við Þjóðminjasafn Íslands. Markmiðið er að rannsaka viðhorf landsmanna og ferðamanna til torfhúsa sem menningararfs og þá hvaða sess torfhús hafa í fræðslu, minjavernd og í ferðaþjónustu, og hver vilji Íslendinga er til að vernda þau og nýta. Samstarfsaðilar í verkefninu, auk Þjóðminjasafns eru Minjastofnun Íslands, Byggðasafn Skagfirðinga og Rannsóknamiðstöð ferðamála. Lögð er áhersla á að samstarfið nýtist öllum rannsóknaraðilum þannig að hægt verði að byggja á því inn í framtíðina.




Sigríður Sigurðardóttir verkefnisstjóri, Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri og Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður skrifa undir samstarfssamning milli Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum og Þjóðminjasafns Íslands 7. september 2019.

„Háskóladagurinn“ var 2. mars og í kjölfarið voru heimsóttir framhaldsskólar landið um kring dagana 5.-13. mars. Þórir Erlingsson og Kjartan Bollason voru fulltrúar deildarinnar þar, ásamt

nemendum úr deildinni. Auk þess hafði Þórir Erlingsson umsjón með heimsóknum og kynningum í framhaldsskólunum, þar sem nemendur deildarinnar tóku einnig virkan þátt.

Ferðamáladeild tók þátt í Mannamóti 2019 sem fram fór í Kórnum í Kópavogi, þann 17. janúar. Laufey Haraldsdóttir og Þórir Erlingsson voru fulltrúar deildarinnar þar. Ferðamáladeild tók einnig virkan þátt í Vísindavöku þann 28. september, þar sem Sigríður Sigurðardóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir og Kjartan Bollason tóku þátt og kynntu m.a. reiðing sem menningararf og náttúrufrýrbæri og leyfðu gestum að skoða norðurljósín o.fl. í sýndarveruleikagleraugum, en vinsældir þess veruleika eykst innan ferðapjónustu.



Frá bás Háskólans á Hólum á Vísindavöku Rannís

Tíu opnir fyrirlestrar voru haldnir á vegum deildarinnar í fyrirlestraröðinni „Vísindi og grautur“. Íslenskir og erlendir fræðimenn kynntu rannsóknir sínar, en þau voru:

Dr. Georgia Leah Burns fyrrum deildarstjóri Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum, greindi frá rannsókn sem hún og Laufey Haraldsdóttir framkvæmdu sumarið 2018. *Interpretation in Ásbyrgi: how to effectively communicate with National Park visitors*. 9. janúar.

Elísabet Ögn Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála. *Markaðssetning áfangastaða og mikilvægi samvinnu og þátttökuvilja*. 6. febrúar.

Geir Kristinn Aðalsteinsson mannauðsstjóri Hölds á Akureyri sem m.a. rekur Bílaleigu Akureyrar. Höldur var útnefnt menntafyrirtæki ársins árið 2019 á Menntadegi atvinnulífsins. Geir nefnir erindi sitt *Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja í ferðapjónustu*. 19. febrúar.

Dr. Nathan Reigner, gestakennari á vegum Fulbright-stofnunarinnar. *From Individual Experiences to a National System. Foundations of tourism planning and management in National Parks and protected areas.* 6. mars.

Dr. Anna Guðrún Þórhallsdóttir. *Landið var fagurt og frítt?* Hugmyndir um sögu lands og þjóðar, landnýtingu og landslag. 6. mars.

Paulína Neshybova. *Employee motivation and satisfaction practices – the case of Iceland.* 27. mars.

Dr. Allen Pope, frá International Arctic Science Committee (IASC). *Helping Bridge National and Disciplinary Boundaries in Arctic Research.* 3. september.

Dr. Laurie Brinklow frá háskólanum á Prince Edward eyju í Kanada. *Aðdráttarafl eyjasamfélaga: Hvað eiga Ísland og Prince Edward eyja í Kanada sameiginlegt?* 24. september.

Claudio Pedica. *More People Than Nature: Monitoring the Experience of Crowding at Þingvellir National Park.* 23. október.

Dr. Rosemary Black. *The role of the tour guide in achieving a sustainable tourism industry.* 4. nóvember

Deildin skipulagði 13. ráðstefnuna um íslenska þjóðfélagið sem að þessu sinni bar yfirskriftina „Er þjóðarbúið sjálfbært og þjóðarheimilið blessað?“. Ráðstefnan var haldin að Hólum 16.-17. maí 2019. Ráðstefnustjóri var Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri. Lykilfyrirlesarar voru Svein Harald Øygard hagfræðingur frá Noregi og Sólveig Anna Bóasdóttir prófessor í guðfræðilegri siðfræði við Háskóla Íslands. Á ráðstefnunni fluttu yfir 60 fræðimenn erindi byggð á rannsóknum sínum. Deildin skipulagði einnig málþingið „Vísindasamfélagið og rannsóknir dagsins í dag“. Málþingið var haldin að Hólum 15. maí og sáu Ingibjörg Sigurðardóttir og Jessica F. Aquino um skipulagningu þess. Málþingið var opið öllu starfsfólki og nemendum Háskólans á Hólum.



Frá málþinginu Vísindasamfélagið og rannsóknir dagsins í dag

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild

Innra starf deildar

Árið 2019 var sérstaklega gott ár í starfi Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar. Á vordögum kom í ljós að deildin hafði staðið sig ákaflega vel þegar kom að úthlutun úr Rannsóknarsjóði Rannís og komu þrír styrkir í hlut deildarinnar, þar af einn öndvegisstyrkur. Í kjölfarið hafa nýjir framhaldsnemendur og starfsmenn komið til starfa við deildina. Deildin er augljós valkostur fjölbreytts fólks til náms og hefur alþjóðlegt yfirbragð.

Á árinu var skrifað undir samning við Náttúruminjasafn Íslands um aukið samstarf stofnananna. Í kjölfar þessa samkomulags breyttust starfsskyldur Skúla Skúlasonar, prófessors og er starf hans nú fjármagnað að helmingi af Náttúruminjasafninu. Rannsóknir Skúla hafa snúist um að auka skilning á uppruna og eðli líffræðilegs fjölbreytileika og hvernig megi nýta hann og vernda og tengjast þær beint áherslum Náttúruminjasafnsins.



Frá undirritun samstarfssamnings Háskólans á Hólum og Náttúruminjasafns Íslands

Á árinu var lögð sérstök áhersla á að endurskoða nám við deildina. Fengin var aðstoð frá Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og farið ýtarlega yfir námsmarkmið námsbrauta deildarinnar og allra námskeiða hennar. Ákveðið var að skipta út viðskiptafræðinámskeiði sem í boði hefur verið í diplóma námi í staðinn fyrir námskeið meira tengt grunngreinum fyrir fiskeldi. Uppfært nám verður í boði á skólaárinu 2020 – 2021.

Haustið 2019 hófst kennsla á nýrri sameiginlegri meistaranámsleið Háskólans á Hólum, Háskólans á Akureyri, Háskólans í Bodö í Noregi og Háskólans í Gautaborg í Svíþjóð. Námsleiðin, MAR-BIO, leggur áherslu á sjálfbæra framleiðslu og nýtingu auðlinda sjávar. Haustið 2019 hófu fimm nemendur þetta nám (skráðir í Bodö og Gautaborg) og mun einn þeirra sækja námskeið við Háskólann á Hólum á vormisseri 2020.

Í febrúar varði Samantha Victoria Beck doktorsverkefni sitt er fjallaði um mikilvægi hrognastæðrar fyrir fjölbreytileika hjá bleikju. Leiðbeinandi Samönthu var Camille Leblanc lektor. Seinna á árinu hóf Samantha störf sem nýdكتور í Skotlandi.

Deildin hefur komið að skipulagi ráðstefna og námskeiða. Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands var haldin á Hólum (sjá: https://vistis.files.wordpress.com/2019/04/20190404_abstracts.pdf) í annað sinn á vordögum og í ágúst var sumarskóli IRSÁE (International Research School in Applied Ecology, sjá: <https://irsae.no/about-us/>) haldinn á Hólum. Í báðum tilfellum komu fjölmargir starfsmenn deildarinnar að skipulagi og framkvæmd viðburðanna. Það er von deildarinnar að slík starfsemi muni eflast á næstu árum.

Á árinu fór Háskólinn á Hólum í ytri gæðaúttekt (Institute Wide Review) á vegum gæðaráðs íslenskra háskóla. Fjölmargir starfsmenn og nemendur deildarinnar komu að vinnu við ritun sjálfsmatsskýrslu, og fundum í tengslum við heimsókn úttektarnefndar. Skúli Skúlason, prófessor við deildina var formaður ritnefndar.

Deildin hefur lagt áherslu á uppbyggingu á menntun tengdri fiskeldi á öllum skólastigum. Slík uppbygging hækkar menntunarstig greinarinnar sem er líklegt til þess að hvetja fleiri einstaklinga til náms við deildina. Sem hluta af þessari uppbyggingu hefur deildin tekið þátt í samnorrænu verkefni sem kallast „Ask for best practice“ og hefur það að markmiði að efla nám á framhaldsskólastigi í fiskeldi. Þannig hefur deildin unnið með Fisktækniskóla Íslands að þróun á námi í fiskeldi á framhaldsskólastigi, sem hægt er að bjóða stærri fyrirtækjum, eða kenna hjá miðstöðvum símenntunar.

Töluverðar mannabreytingar, að hluta vegna ofangreindra styrkja, voru hjá deildinni á árinu. Helgi Thorarensen prófessor, fór til starfa við Háskólann í Tromsö í Noregi, en sinnti áfram sérstökum verkefnum, flestum tengdum kennslu, við deildina í 20% stöðu. Anett Reilent, aðstoðarmaður við rannsóknir, hætti störfum í október. Þeim tveimur eru þökkud góð og óeigingjörn störf við deildina. Á árinu komu til starfa: Elizabeth Mittel, nýdكتور, sem vinnur að rannsóknum á hellableikju við Mývatn, Jake Goodall, nýdكتور, sem vinnur að rannsóknum á þróun litafjölbreytileika beitukóns, Joseph Phillip, nýdكتور, sem vinnur að rannsóknum á fjölbreytileika hornsíla í Mývatni, Kasha Strickland, nýdكتور, sem einnig vinnur að rannsóknum á fjölbreytileika hornsíla í Mývatni og Stephen Price, aðstoðarmaður við rannsóknir á hornsílum í Mývatni.

Nám og kennsla

Á árinu 2019 stunduðu 49 nemendur nám við deildina. Á árinu útskrifuðust fimm einstaklingar úr diplómanámi í fiskeldisfræði auk tveggja nemanda úr meistaranámi. Tólf einstaklingar hófu diplómanám í fiskeldi, sem er nokkuð yfir meðalfjölda nemenda, sem hefur verið um sex á ári frá upphafi, árið 1984 Þrír nemendur innrituðust í meistaranám í sjávar- og vatnalíffræði og voru á árinu sjö nemendur skráðir í það nám. Til viðbótar við meistaranámið unnu 11 nemendur að doktorsverkefnum undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar. Þeir voru allir skráðir við aðra háskóla.



Hluti starfsmanna og framhaldsnema Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar á bastilludaginn.

Sem fyrr sóttu fjölmargir erlendir nemendur í að koma sem skipti- og verknámsnemendur til deildarinnar og voru þeir alls átta á árinu. Fiskeldis- og fiskalíffræðideild hefur um langt árabil unnið í góðu samstarfi við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Á árinu var í boði átta vikna námskeið fyrir nemendur frá skólanum og sátu sex nemendur það. Fjórir þeirra halda áfram fram á vorið 2020 vinnu að rannsóknarverkefnum undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar. Starfsmenn deildarinnar komu að kennslu við báðar hinar deildir Háskólans á Hólum, kenndu þar í þremur námskeiðum, sem og fimm námskeiðum við aðra opinbera háskóla hérlandis. Hlutfall erlendra nemenda við deildina var hátt, um 64 % árið 2019, og komu þeir frá 13 þjóðlöndum.

Rannsóknir

Enn sem fyrr var unnið öflugt rannsóknarstarf við deildina í fjölmörgum verkefnum er tengdust sérsviðum hennar. Deildin er augljós valkostur til samstarfs á sviði fiskeldis- og vatnalíffræði og komu fjölmargir innlendir og erlendir fræðimenn að rannsóknarverkefnum. Rannsóknarstarf deildarinnar og rekstur rannsóknaraðstöðu hennar í Verinu á Sauðárkróki er alfarið fjármagnað af sértekjum, sem koma að miklu leyti sem styrkir frá innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Á árinu fengust fjölmargir styrkir til rannsókna, þ.m.t. öndvegisstyrkur frá Rannís.



Frá upphafsfundi öndvegisrannsóknar á fjölbreytileika hornsíla



Frá uppsetningu tilraunaaðstöðu öndvegisverkefnis á bökkum Hjaltadalsár

Deildin hefur markvisst unnið að uppbyggingu rannsóknaraðstöðu og hafa áður fengist til þess styrkir frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, en á árinu 2019 varð breyting þar á og ekki var veittur styrkur til uppbyggingar í Verinu. Því hefur skóinn kreppt nokkuð hvað varðar innviðauppyggingu deildarinnar, annað en það sem hægt er að fjármagna með rannsóknastyrkjum. Afrakstur rannsókna deildarinnar hefur verið kynntur í ræðu og riti. Á árinu voru birtar 12 greinar í ISI tímaritum. Auk þess hélt starfsfólk og nemendur deildarinnar 53 fyrirlestra á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum og í boði háskóladeilda, auk þess að sýna fjögur veggspjöld.



Þöngt setinn bekkurinn á rannsóknastofu Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar í Verinu Vísindagörðum

Þjónusta og samstarf

Háskólinn á Hólum annast bleikjukynbætur samkvæmt samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Samningurinn kveður m.a. á um að Háskólinn á Hólum skuli sjá bleikjuframleiðendum á Íslandi fyrir hrognum úr kynbættum stofni og að ekki sé heimilt að selja hrogn af stofninum úr landi. Nú eru yfir 90% af allri bleikju sem framleidd er á Íslandi frá Hólum. Kynbæturnar eru fjármagnaðar að hluta til með framlagi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, en annars með sölu á afurðum. Mikil vinna var lögð á árinu í að tryggja áframhald og framþróun verkefnisins á Hólum.

Starfsmenn Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar sitja í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, sem lúta að faglegum málefnum. Skúli Skúlason er í nefnd um erfðabreyttar lífverur, þar sem að Stefán Óli Steingrímsson er varamaður. Skúli Skúlason situr sem fulltrúi Háskólans á Hólum í ráðgjafanefnd gæðaráðs háskólanna, þar sem Bjarni K. Kristjánsson er varamaður, og í nefnd gæðaráðs um þróun

gæðastarfs í rannsóknum (REAC). Auk þess er Skúli varamaður í nýlega skipaðri nefnd um vandaða starfshætti í vísindum. Bjarni K. Kristjánsson var í ritnefnd Environmental Biology of Fishes og Helgi Thorarensen í ritnefnd Aquaculture, auk þess að sitja í stjórn Nordic RAS sem heldur reglulega ráðstefnur um endurnýtingakerfi í fiskeldi. Bjarni K. Kristjánsson situr í stjórn IRSÆ, sem heldur árlegan sumarskóla fyrir doktorsnema í vistfræði. Á árinu voru Bjarni K Kristjánsson og Camille Leblanc kölluð til sem andmælendur við doktorsvarnir við erlenda háskóla.



„Rannsóknastofa“ Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar á bökkum Mývatns

Hestafræðideild

Almennt starf

Starfið við Hestafræðideild háskólans á Hólum gengur almennt mjög vel og aðsókn í námið er mikil. Útskrifaðir nemendur bera skólanum og náminu gott vitni og eru í fremstu röð meðal atvinnumanna í greininni. Gott orðspor námsins er afar öflug markaðssetning og á sér stað á alþjóðavísu. Ýmiss rannsóknaverkefni eru stunduð, en rannsóknarvirkni mætti vera meiri, sem skýrist af því að við deildina er kennslu- og verkefnaálag fastráðinna starfsmenn mikið og kemur í veg fyrir að þeir geti stundað rannsóknir að því marki sem æskilegt væri. Samstarf er nokkuð við erlenda vísindamenn en ráða þarf fleiri vísindamenn að deildinni, sem hefur verið á dagskrá síðustu árin en fjárveitingar ekki leyft. Aðstaða til rannsókna er góð og sérstaða varðandi aðgang að hestum gefur okkur tækifæri til að stunda rannsóknir á heimsmælikvarða. Það er mikilvægt að koma af stað mjög svo þörfu meistaranámi við deildina sem er eina deild skólans án meistaranámsbrautar. Aðstaða Hestafræðideildar til hestahalds, kennslu og rannsókna er umfangsmikil og forsenda þess að starfið geti verið á þeim háa gæðastaðli sem raun ber vitni. Vegna fjárskorts hefur viðhald verið í lágmarki sem hefur áhrif á aðbúnað og öryggi allra sem í aðstöðunni eru. Það er brýnt að fjármagn fáið til að viðhalda aðstöðunni og helst bæta svo taka megí inn fleiri nemendur í deildina enda er aðsóknin mikil.

Nám og kennsla

Alls stunduðu 60 nemendur nám við Hestafræðideildina á árinu. Brautskráðust 12 með BS próf í reiðmennsku og reiðkennslu og tveir með leiðbeinendapróf. Nemendur Hestafræðideildar eru alþjóðlegur hópur og koma þeir frá sjö þjóðlöndum og tala allir íslensku sem öll kennsla fer fram á.

Átján nemendur voru teknir inn haustið 2019 og hófu þriggja ára BS nám í reiðmennsku og reiðkennslu. Háskólinn getur einungis tekið inn tæpan helming þeirra umsækjenda sem óska eftir að komast í námið, þó stór hluti þeirra standist inntökuþróf. Kennsla í BS náminu hófst eftir nýrri námsskrá haustið 2019. Innleiðingin gekk vel og mælast breytingar vel fyrir og skila greinilega aukninni færni nemenda.

Undirbúningur á þróun MS náms var framhaldið á árinu og ákveðið að það verið tvískipt. Annars vegar nám þar sem rannsóknaverkefnið er 60-90 ECTS og hinsvegar starfstengt meistaranám þar sem rannsóknaverkefnið er 30 ECTS en 90 ECTS teknar í námskeiðum samhliða starfstengdu námi s.s. vísindalegri þjálfun hrossa og æfingakennslu. Meistaranáminu er ætlað að mæta þörf á framhaldsmenntun einstaklinga sem hafa brautskráðst með BS gráðu í reiðmennsku og þeirra sem áhuga hafa á rannsóknanámi í hestafræðum. Gerðar hafa verið kannanir sem sýna að mikill áhugi er

hjá útskrifuðum BS nemendum að hefja meistaranám, þá sérstaklega starfstengdu námi í reiðmennsku og reiðkennslu. Einnig mun meistaranámið styðja við þá ætlun að efla rannsóknavirkni við deildina. Nú eru starfandi tveir doktorsnemar við deildina sem sinna rannsóknum á íslenska hestinum og eru skráðir í nám við Sænska landbúnaðarháskólann (SLU). Í gegnum árin hefur samstarf við SLU gengið með eindæmum vel og hafa starfsmenn háskólanna birt fjöldamargar vísindagreinar saman síðustu árin.

Nemendur og kennarar tóku þátt í ýmsum viðburðum innan og utan skólans, s.s. hestamótum, kennslusýningum og æfingakennslu í reiðmennsku, í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla héraðsins. Deildin byggði starf sitt að töluverðu leyti á færustu sérfræðingum á hverju sviði, en þeir eru stundakennarar og ekki ráðnir við skólann sem fylgir nokkurt óöryggi og hefur áhfrif á skipulag, þróun náms og rannsókna. Æskilegt væri að fleiri af þessum sérfræðingum væru með fasta ráðningu við skólann.



Nemendur þjálfa hestakostinn

Skólinn á rúmlega 100 hross og er tæpur helmingur þeirra tamdir kennsluhestar. Umfang hrossaræktarinnar hefur verið svipað um árabil en er nú á uppleið og fæddust níu folöld á Hólum 2019, sem er þó enn of fátt svo endurnýjun skólahesta geta átt sér stað. Mikilvægt er að við skólann fæðist um 12-15 folöld á ári til að geta viðhaldið gæðum í kennslu og rannsóknum.

Frábær árangur náðist með kynbótahross skólans á árinu í sýningum og voru fimm hryssur sýndar. Meðaleinkun þeirra var 8.08, ber þar hæst aðaleinkun Rispu frá Hólum sem fékk 8.50 í aðaleinkunn Reiðkennarar kynntu nokkur af hrossum skólans í keppni á árinu og gekk vel. Þeir kepptu

á eigin hrossum og náðu þeim fágæta árangri að vera þrjú (Þórarinn, Sina og Mette) í A-úrslitum í fimmgangi á Íslandsmóti í hestaíþróttum sem verður að teljast frábær árangur og góð kynning á kennurum skólans sem og að bera færni þeirra frábært vitni.

Húshross í umsjón skólans voru 150-200, eftir viðfangsefnum og árstíma, en útigangur taldi 80-90 hross. Auk þess voru jafnan 20-30 hross í starfsmannahesthúsinu á Skeiðmel. Nemendur sóttu mikið um að koma að hrossum í hesthúsum skólans og ekki var hægt að sinna þeirri eftirspurn nema að hluta, og sýnt að svo verið áfram sé ekkert að gert. Ljóst er að þessi aukna eftirspurn nemenda er jákvæð en takmörkun á plássi í reiðhöllum og hesthúsum kemur í veg fyrir stækkun skólans og aukinnar þjónustu við nemendur.



Sælleg trippi

Rannsóknir

Helstu rannsóknir á árinu voru á sviði þjálfunarlífeðlisfræði og hreyfingafræði. Starfsmenn deildarinnar greindu frá niðurstöðum rannsókna í ræðu og riti. Einnig var nokkuð um kennslusýningar á vegum reiðkennara, bæði héraðs og erlendis. Fyrirlestrar voru einnig haldnir á innlendum og erlendum ráðstefnum, fundum og námsskeiðum. Fjölmörg smærri nemendaverkefni settu jafnframt svip á skólastarfið á haustönn.

Önnur verkefni

Mikil vinna margra starfsmanna deildarinnar fór í gerð sjálfsmatsskýrslu fyrir gæðaráð háskóla tengt gæðaúttekt á skólanum. Úttektin skilaði góðum árangri og yfirsýn margra jókst sem og gæðavitund. Í heildina fékk starfsemi deildarinnar og skólans alls mjög jákvæða og hvetjandi umsögn. Þessi vinna var áberandi hluti af starfi deildarinnar á árinu og hafði mikil áhrif á starfsemina. Þetta stafar m.a. af stærð skólans og vegna kröfu um virka þátttöku margra akademískra starfsmanna, þá er þessi vinna langt umfram skilgreindan stjórnunarhluta þeirra. Þeir hafa því ekki um annað að velja en að taka þetta af rannsóknartíma sínum sem nauðsynlegt er að breyta til framtíðar. Nemendur tóku einnig virkan og góðan þátt í þessari vinnu. Fulltúrar í fagraði Hestafræðideildar tóku einnig virkan þátt í úttekt skólans og deildarinnar, m.a. formaður Landsambands hestamanna, ábyrgðamaður hrossræktarinnar, fulltrúi Félags tamningamanna o.fl. Tengsl skólans við starfsgreinina og hestamennskuna í heild bera skólanum gott vitni og hjálpar til við þróun hans og gæðastarf. Tvær kynbótasýningar á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins voru haldnar að Hólum á árinu.

